

Kennari:
Alexía Ósk Sigurðardóttir
Sandra Sif Rúnarsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk
og útikennsla

Tímafjöldi:
2 kennslustundir

Bekkur:
4. bekkur

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur vísýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Samvinna milli landa og heimsálfa eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í sínu námi. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

Enska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 4. bekk <i>Að nemandi:</i>	Leiðir
Hlustun Lestur Talað mál Ritun	Efni af vef mms.is	Hlustun <ul style="list-style-type: none">- Getur nemandi skilið einfalda ensku- Getur nemandi fylgt eftir í einföldum frásögnum Lesskilningur <ul style="list-style-type: none">- Getur nemandi skilið stuttan einfaldan texta- Getur nemandi aflað sér upplýsingar úr einföldum texta og nýtt sér það í verkefnavinnu- Getur svarað spurningum út frá einföldum texta Samskipti <ul style="list-style-type: none">- Getur nemandi haldið uppi mjög einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælenda	Vinnubók (Yes we can 4) Hlustun Leikir Útikennsla og verkefni Söngur Áhorf af neti Glósubók Skriflegar æfingar Spil

		<ul style="list-style-type: none"> - Getur nemandi heilsað og kvatt á ensku - Getur nemandi kynnt sig með nafni og spurt aðra að nafni - Getur nemandi sagt aldur sinn og spurt um aldur - Getur nemandi þekkt og notað kveðjur sem notaðar eru á afmælum og jólum <p>Frásögn</p> <ul style="list-style-type: none"> - Getur nemandi sagt frá og lýst sjálfum sér og sínu nánasta umhverfi - Þekkir nemandi algeng heiti yfir fjölskyldumeðlimi - Þekkir nemandi heiti yfir helstu áhugamál - Þekkir tölur frá 1-100 - Þekkir fjölbreytta liti - Þekkir heiti yfir fjölbreyttan klæðnað - Þekkir heiti yfir helstu líkamshluta - Þekkir heitin á vikudögum og mánuðum - Þekkir árstíðirnar - Þekkir nokkur algeng dýraheiti yfir húsdýrin - Þekkir helstu heiti yfir ávexti - Þekkir heiti yfir nokkur veðurfyrirbrigði (hita og kulda) - Þekkir helstu heiti yfir helstu húsgögn - Þekkir heiti nokkurra landa - Þekkir hugtök tengd tímanum og klukkunni <p>Ritun</p> <ul style="list-style-type: none"> - Þekkir réttritun algengra orða á ensku sem koma fyrir í námsefninu - Getur nemandi skrifað einföld skilaboð <p>Menningarläsi</p> <ul style="list-style-type: none"> - Getur nemandi sýnt fram á að hann kunnir skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi - Þekkir nemandi nokkra þætti sem snúa að barna og unglingamenningu s.s. söguhetjur barnabóka, leikja, söngva og ævintýra 	
--	--	---	--

		Námshæfni <ul style="list-style-type: none"> - Getur nemandi tekið þátt í para eða hópavinnu, hlustað á aðra og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja - Getur nemandi nýtt sér hjálpartæki sem við á s.s. orðabækur og leitarvélar 	
Námsmat:	Námsframvind og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága